



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður
bt. bæjarstjórnar
Stillholti 16-18
300 Akranes

Akranesi, 02.05.2019
1807128 SPH/hs

Efni: Deiliskipulag Flóahverfi - endurskoðun

Á fundi skipulags- og umhverfisstjórnar, sem haldinn var þann 29. apríl s.l., var fjallað um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Flóahverfis sem var auglýst frá 5. mars til og með 28. apríl 2019, skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í að gatnakerfið er stækkað, lóðastærðum breytt og lóðum fjölgað. Stígar umhverfis svæðið og gróðurbelti eru sýnd til leiðsagnar. Nýtingarhlutfalli lóða er breytt.

Engar athugasemdir bárust.

Bókun skipulags- og umhverfisstjórnar.

Skipulags- og umhverfisstjórn leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun til yfirferðar og auglýsing um gildistöku hennar birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Sigurður Páll Harðarson
sviðsstjóri

Meðfylgj.: Deiliskipulagsuppráttur